



21. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 7. mars 2007, kl. 16:15

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Lagt fram til kynningar:
 - a. Bréf frá stjórn Kirkjugarðsins á Blönduósi dags. 24. febrúar 2007
 - b. Viðbygging við Verknámshús Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
 - c. Fundargerðir SSNV frá 5. desember 2006 og 17. janúar 2007
 - d. Fundargerð frá aðalfundi Ámundakinnar ehf. frá 28. febrúar sl.
2. Starfsmannamál Blönduóssbæjar
3. Athugasemdir við álagningu gjalda
4. Afsal forkaupsréttar vegna sölu hlutabréfa í Ámundakinn ehf.
5. Drög að samningum við Húnavatnshrepp
6. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 6. mars 2007
7. Íbúðamál
8. Önnur mál

Afgreiðslur:

Formaður lagði til breytingu á dagskrá varðandi sjötta lið þar sem fundur skipulags-, byggingar- og veitunefndar féll niður. Sjötti liður verði því: **Lóðaúthlutun og kynning á deiliskipulagi í Brautarhvammi**. Bæjarráð samþykkti þessa tilhögun.

1. Lagt fram til kynningar:
 - a. Bréf frá stjórn Kirkjugarðsins á Blönduósi dags. 24. febrúar 2007
Með bréfinu þakkar Skarphéðinn Ragnarsson f.h. Kirkjugarðsins aðkomu bæjarins að framkvæmdum við garðinn á síðastliðnu hausti.
 - b. Viðbygging við Verknámshús Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa því til Héraðsnefndar.
 - c. Fundargerðir SSNV frá 5. desember 2006 og 17. janúar 2007
Allnokkrar umræður urðu um starfsemi SSNV.
 - d. Fundargerð frá aðalfundi Ámundakinnar ehf. frá 28. febrúar sl.
Valgarður kynnti efni fundargerðarinnar en þar ber hæst fyrirætlanir um kaup félagins á húseigninni að Efstubraut 1. Enn fremur eru uppi áform um frekari byggingarframkvæmdir á vegum félagsins.

Ágúst Þór Bragason lagði fram svohljóðandi fyrirspurn: "Á fundi bæjarstjórnar þann 11. júlí 2006 var eftirfarandi tillaga samþykkt: "Bæjarráði er falið að skipa í stjórn Héraðsbókasafnsins og stjórnir hlutafélaga og byggðarsamlaga sem sveitarfélagið er aðili að."

Samkvæmt gögnum bæjarráðs hefur ekki verið fjallað um það hver skuli sitja af hálfu Blönduóssbæjar í stjórn Ámundakinnar né heldur hver fari með umboð Blönduóss á aðalfundi Ámundakinnar. Undirritaðir óska því eftir skýringum á því hver hafi tekið ákvörðun um að sækja aðalfund Ámundakinnar sem haldin var þann 28. febrúar 2007, hverjir voru boðaðir og í umboði hvers. Skriflegt



sva óskast." Undir fyrirspurnina rita Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannsson.

Umræður urðu um boðun til umrædds fundar og samþykkt að kalla Jóhannes Torfason á fund Bæjarstjórnar til að kynna byggingaráform Ámundakinnar að Hnjúkabyggð 31.

2. Starfsmannamál Blönduóssbæjar

Fyrir fundinum liggur tillaga að auglýsingu á starfi sviðsstjóra fræðsluviðs. Tillagan er samþykkt með 2 atkvæðum fulltrúa E-lista. Ágúst Þór óskar eftir að málinu sé vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. Athugasemdir við álagningu gjalda

Erindi frá Jóhannesi Þórðarsyni: Erindinu hafnað þar sem allt atvinnuhúsnæði fellur undir reglur bæjarins um sorpeyðingargjöld.

Erindi frá Þormóði Sigurgeirssyni: Erindi varðandi sorpgjöld er hafnað með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgagns í Blönduóssbæ. Bæjarráð fagnar hins vegar ábendingu Þormóðs varðandi aðgangseyri eldri borgara að sundlaug bæjarins og samþykkir að ellilífeyrisþegar fái hér eftir frían aðgang að henni.

Erindi frá Bryndísi Júlíusdóttur: Erindinu hafnað.

4. Afsal forkaupsréttar vegna sölu hlutabréfa í Ámundakinn ehf.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að staðfesta að Blönduóssbær falli frá forkaupsrétti á hlutabréfum í Ámundakinn ehf. vegna viðskipta með Efstubraut 1.

5. Drög að samningum við Húnavatnshrepp

a) Fram voru lögð drög að samningi um aðgengi aldraðra úr Húnavatnshreppi að félagsstarfi aldraðra í Hnitbjörgum á Blönduósi. Bæjarráð samþykkir drögin og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.

b) Einnig voru lögð fram drög að samningi um aðgengi barna og unglinga úr Húnavatnshreppi að Félagsmiðstöðinni Skjólið. Bæjarráð felur bæjarstjóra að leita leiða til breytinga á 3. gr. í samningsdrögunum varðandi kostnaðarskiptingu þannig að sveitarfélögin skipti kostnaði eftir íbúafjölda og 4. gr. falli niður.

6. Lóðaúthlutun og kynning á deiliskipulagi í Brautarhvammi

a) Tillaga að deiliskipulagi í Brautarhvammi kynnt. Bæjarráð leggur til lítilháttar orðalagsbreytingar á tillögunni.

b) Umsókn Björns Þórs Kristjánssonar og Lárusar Jónssonar um þrjár hestúsalóðir í Arnargerði. Bæjarráð samþykkir umsóknina.

c) Skipulagning svæðis norðan leikskólans fyrir íbúðabyggð rædd.

Valdimar Guðmannsson lagði fram svohljóðandi fyrirspurn: "Hvar í bæjarkerfinu var ákvörðun tekin um að setja í bið samþykkt frá bæjarráðsfundi 22. mars 2006 um áframhaldandi vinnu við deiliskipulag vegna byggingarlóða frá leikskólanum að Klaufarvegi og hvenær var þessi ákvörðun tekin? Undir fyrirspurnina ritar Valdimar Guðmannsson

Bæjarráð ítrekar fyrri bókanir um að skipulagsvinnu á svæðinu verði lokið og frestar lóðaúthlutunum þar til deiliskipulagi lýkur.



7. Íbúðamál

- a) Tvær íbúðir í eigu bæjarins eru að losna en 19 umsækjendur eru á biðlista. Bæjarráð samþykkir úthlutanir á grundvelli fyrirliggjandi gagna.
- b) Bæjarráð felur bærstjóra að semja við löggiltan aðila til að meta íbúðir í eigu bæjarins sem mögulega yrðu seldar.

8. Önnur mál

Fundargerð Brunavarna A-Hún. frá 5. mars 2007 kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

*Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 19:05

Einar Kolbeinsson (sign.)